

Skilaskýrsla undirbúnings- stjórnar

Samantekt stjórnar til undirbúnings að sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps fyrir sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags.

Maí 2026

Efnisyfirlit

01	Samantekt	3
02	Verkefnið	7
03	Nafn og merki	21
04	Samþykktir, reglur og gjaldskrár	24
05	Samstarf og samningar	29
05	Fylgiskjöl	31

01

Samantekt

Inngangur

Sameining Borgarbyggðar og Skorradalshrepps var samþykkt í íbúakosningum sem fram fóru dagana 5.-20. september 2025. Í framhaldinu var skipuð sérstök stjórn til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags skv. 122. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (hér eftir nefnd „undirbúningsstjórn“).

Markmið undirbúningsstjórnar er að tryggja að sameiningin gangi hnökralaust fyrir sig og að ný sveitarstjórn fái góða yfirsýn yfir þau verkefni er þarf að vinna í framhaldi af því að nýtt sveitarfélag tekur til starfa.

Skilaskýrsla er þessi samantekt undirbúningsstjórnar fyrir sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags. Í skýrslunni er að finna upplýsingar um þau verkefni sem undirbúningsstjórn hefur unnið og verkefni sem undirbúningsstjórn telur að vinna þurfi þegar sameiningin hefur tekið gildi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Tekið skal fram að sveitarstjórn hefur fullt forræði í málefnum sveitarfélagsins og er ekki bundin af öðrum ákvörðunum eða tilmælum undirbúningsstjórnar en því að samþykkt um stjórn Borgarbyggðar skuli gilda fyrir sameinað sveitarfélag þar til ný sveitarstjórn ákveður annað.



Gildistaka sameiningar

Sameining Borgarbyggðar og Skorradalshrepps tekur gildi 15 dögum eftir að sveitarstjórn hefur verið kjörin. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við stjórn sameinaðs sveitarfélags á sama tíma og fer með fullt forræði yfir málefnum þess samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum lögum sem gilda um starfsemi sveitarfélaga.

Samkvæmt ákvörðun undirbúningsstjórnar, sem innviðaráðherra hefur staðfest, starfar sameinað sveitarfélag samkvæmt samþykkt um stjórn Borgarbyggðar nr. 1213/2022 þar til sveitarstjórn hefur sett sveitarfélaginu nýja samþykkt.

Samkvæmt 126. gr. Sveitarstjórnarlaga skal svo fljótt sem við verður komið taka til umræðu og setja nýjar samþykktir, reglur og gjaldskrár fyrir hið nýja sveitarfélag. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að tilteknar reglur eða samþykktir sem gilt hafa öðru sveitarfélaganna skuli gilda fyrir hið nýja sveitarfélag á meðan unnið er að setningu nýrra reglna, þó ekki lengur en í þrjá mánuði frá gildistöku sameiningar.

Sé það niðurstaða sveitarstjórnar að reglur sem gilt hafa í öðru sveitarfélaganna séu fullnægjandi getur hún ákveðið að þær gildi fyrir sameinað sveitarfélag. Skal þá taka reglurnar á fundi sveitarstjórnar eins og um nýjar reglur sé að ræða og birta að því loknu á vef sveitarfélagsins og í stjórnartíðindum ef það á við.

Yfirferð samþykkta, reglna og gjaldskráa skal því vera lokið fyrir 31. ágúst 2026.



Tillaga að forgangsröðun verkefna

1

Forgangsverkefni

- Ákveða nafn á sameinað sveitarfélag.
- Uppfæra samþykkt um stjórn sveitarfélagsins (sjá tillögu), þ.á.m. kafla um nefndir, ráð og stjórnir.
- Uppfæra samþykktir, reglur, reglugerðir og gjaldskrár fyrir sveitarfélagið.
- Milliuppgjör fjárhags sveitarfélaganna tveggja miðað við 30. maí 2026.
- Sameina fjárhagsáætlun og fjárhagsbókhald.
- Samþætta málakerfi til að tryggja aðgang að málásögu.

2

Önnur mikilvæg verkefni

- Sameina og samþætta aðalskipulag.
- Fara yfir aðrar lögbundnar stefnur og ætlanir og uppfæra eftir því sem við á.
- Færa eignir og skuldir á kennitölu sameinaðs sveitarfélags
- Ganga frá og skila gögnum Skorradalshrepps til Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar.

3

Ótímasett verkefni

- Yfirfara samninga og endursemjja við þjónustuaðila og birgja.
- Uppfæra og aðlaga samstarfssamninga og samþykktir samstarfsverkefna.
- Fara yfir sameinaða fjárhagsáætlun og gera viðauka eftir því sem þurfa þykir.
- Ákveða launakjör kjörinna fulltrúa.
- Setja kjörnum fulltrúum siðareglur.

02

Verkefnið

Könnun á möguleikum á sameiningu



Stöðugreining

Upplýsinga var aflað um starfsemi sveitarfélaganna, skipulag, fjárhag, áætlanir, samstarfsverkefni, lýðfræði, þjónustusvæði og fleira sem gefið getur vísbendingar um það hvað myndi breytast við sameiningu.

Samráð var haft við starfsmenn og íbúa sveitarfélaganna.



Mótun tillögu og álits

Samstarfsnefnd um sameiningu fór yfir þau gögn sem safnað var í stöðugreiningu og dró upp líklega framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag. Álit samstarfsnefndar var lagt fyrir sveitarstjórnir án atkvæðagreiðslu.




Kynning tillögu og álits

Álit samstarfsnefndar er kynnt fyrir íbúum í aðdraganda kosninga. Kynningin stendur yfir í a.m.k. 20 daga. Haldnir eru kynningarfundir og kynningarefni er birt opinberlega með ýmsum hætti.



Íbúakosning

Kosið var um sameiningu í september 2025. Kosningar stóðu yfir í tvær vikur. Íbúar beggja sveitarfélaga samþykktu sameiningu og niðurstaðan er bindandi.



Innleiðing

Skipuð var stjórn til undirbúnings að gildistöku sameiningar sem gerði tillögu að verklagi verklagi við innleiðingu og lagði til að samþykkt um stjórn Borgarbyggðar gildi fyrir sveitarfélagið í upphafi. Sameinað sveitarfélag tekur til starfa 31. maí 2026.

Niðurstöður íbúakosninga

Kosningar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps fóru fram dagana 5.-20. september 2025 á grundvelli [3. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga](#) og [reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023](#).

Kosið var í einni kjördeild í Skorradalshreppi og í fjórum kjördeildum í Borgarbyggð. Skipuð var sameiginleg kjörstjórn sem hafði umsjón með kosningunum.

Í Borgarbyggð voru 3137 á kjörskrá. Alls greiddu 501 atkvæði eða 16%. 417 sögðu já eða 83,2% greiddra atkvæða, 82 sögðu nei eða 16,4%, tveir seðlar voru auðir.

Í Skorradalshreppi voru 61 á kjörskrá. Alls greiddu 54 atkvæði eða 88,5%. 32 sögðu já eða 59,3% 22 sögðu nei eða 40,7%.

Sameining var því samþykkt í báðum sveitafélögunum.

Íbúakosningarnar voru kærðar til innviðaráðuneytis, sem staðfesti lögmæti þeirra í [úrskurðum þann 12. desember 2025](#).



Undirbúningsstjórn



Í kjölfar kosninga um sameiningu skipaði hvor sveitarstjórn þrjá fulltrúa í undirbúningsstjórn skv. 122. gr. sveitarstjórnarlaga

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber undirbúningsstjórn að semja samþykkt um stjórn og fundarsköp hinnar nýju sveitarstjórnar sem gilda mun fyrir hið nýja sveitarfélag þar til því hefur verið sett sérstök samþykkt. Hún skal einnig taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni hins nýja sveitarfélags, taka saman yfirlit yfir allar samþykktir og reglugerðir sem gilda í þeim sveitarfélögum sem sameinuð hafa verið og hefja vinnu við endurskoðun þeirra og samræmingu, sbr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga.

Með undirbúningsstjórn starfaði Lilja Björg Ágústsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Borgarbyggðar og ráðgjafar frá KPMG.

Undirbúningsstjórn fundaði níu sinnum á tímabilinu. Fundargerðir er að finna á vefsvæðinu borgfirðingar.is.

Undirbúningsstjórn býðst til að funda með nýrri sveitarstjórn þegar hún hefur tekið til starfa.

Fulltrúar:

- Guðveig Eyglóardóttir, formaður, Borgarbyggð
- Ragnildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Guttormsdóttir Þormar, Skorradalshreppi

Staðfesting sameiningar

Í erindi frá 4. febrúar 2026 óskaði undirbúningsstjórn eftir því við innviðaráðuneyti að sameining sveitarfélaganna yrði staðfest.

Jafnframt lagði undirbúningsstjórn til að sameiningin myndi taka gildi 15 dögum eftir reglubundnar sveitarstjórnarkosningar sem fara fram 16. maí 2026 og að samþykktum stjórn Borgarbyggðar skuli gilda fyrir hið sameinaða sveitarfélag þar til því hefur verið sett sérstök samþykkt.

Þann 5. mars 2026 staðfesti innviðaráðuneyti sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt ákvörðunum undirbúningsstjórnar og birti auglýsingu þess efnis í [Stjórnartíðindum](#).



Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins

Þann 5. mars 2026 staðfesti ráðuneyti sveitarstjórnarmála að [samþykkt um stjórn Borgarbyggðar nr. 1213/2022 m.s.br.](#) skuli gilda fyrir sameinað sveitarfélag þar til ný sveitarstjórn hefur sett sveitarfélaginu nýja samþykkt. Sveitarstjórn skal fjalla um nýja samþykkt á tveimur fundum með viku millibili að lágmarki.



Nafn sameinaðs sveitarfélags

Það er á valdi nýrrar sveitarstjórnar að samþykkja nafn á sveitarfélagið. Þegar ákvörðun um nafn liggur fyrir skal uppfæra samþykkt sveitarfélagsins í samræmi við sveitarstjórnarlög. Við ákvörðunina getur sveitarstjórn nýtt sér niðurstöður könnunar undirbúningsstjórnar á vilja og hugmyndum íbúa um nafn.



Kennitala og sveitarfélagsnúmer

Undirbúningsstjórn tók ákvörðun um að sameinað sveitarfélag skuli starfa á kennitölu og sveitarfélagsnúmeri Borgarbyggðar með það fyrir augum að einfalda ferlið og minnka kostnað við sameiningu.

Forgangsverkefni sveitarstjórnar

Samþykkt um stjórn Borgarbyggðar mun gilda fyrir sameinað sveitarfélag þegar það tekur til starfa en sveitarstjórn þarf að setja sameinuðu sveitarfélagi nýja samþykkt um stjórn þess skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga. Í því fellst m.a. að ákveða þarf nafn og nefndarskipan sameinaðs sveitarfélags.

Samræma þarf reglur um og gjaldtöku fyrir þjónustu þar sem gjöld eru mismunandi, s.s. varðandi skipulagsmál, byggingarmál, sorphirðu og tæmingu rotþróa. Einnig þarf að staðfesta reglur um þjónustu sem Borgarbyggð hefur veitt Skorradalshreppi samkvæmt þjónustusamningi. Æskilegt væri að sveitarstjórn bókaði almennt um að reglur og gjaldskrár Borgarbyggðar gildi þar til endurskoðun er lokið.

Gera þarf upp fjárhag sveitarfélaganna við gildistöku sameiningar og sameina bókhald og fjárhagsáætlun. Sömuleiðis þarf að sameina málakerfi sveitarfélaganna til þess að tryggja starfsmönnum aðgang að málásögu og gögnum mála.



Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins

Setja þarf nýja sameinuðu sveitarfélagi nýja samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 122. gr. sömu laga. Í samþykktinni skal m.a. koma fram nafn sveitarfélags og nefndarskipan.



Sameining fjárhags

Mikilvægt er að gera upp fjárhag sveitarfélaganna við gildistöku sameiningar og sameina fjárhagsáætlanir og bókhald sveitarfélaganna til að tryggja yfirsýn yfir fjárheimildir og nýtingu þeirra í sameinuðu sveitarfélagi.



Samræming málakerfa

Undirbúningsstjórn leggur til að sett verði í forgang að sameina málakerfi sveitarfélaganna til að tryggja aðgang að málásögu og rekjanleika.



Gjaldskrár, reglur og samþykktir

Mikilvægt er að sveitarstjórn setji í forgang að staðfesta gjaldskrá fyrir sameinað sveitarfélag staðfesta hvaða reglur eigi að gilda fyrir sameinað sveitarfélag og setja nýjar reglur þar sem við á.

03

Forsendur

Stjórnskipulag og skipurit

Stjórnsýsla Skorradalshrepps var lítil að umfangi og verkefni voru flest leyst í verktöku eða með þjónustusamningum. Borgarbyggð sinnti flestum verkefnum sveitarfélagsins á grundvelli slíks samnings. Af þessu leiðir að mönnun stjórnsýslu Borgarbyggðar tekur þegar mið af þjónustu við íbúa beggja sveitarfélaga á flestum sviðum.

Skorradalshreppur keypti þjónustu byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa af verktökum, en gert er ráð fyrir að starfsmenn Skipulags- og umhverfissviðs sameinaðs sveitarfélags sinni þeirri þjónustu. Skoða þarf hvort tilefni sé til að fjölga starfsmönnum sviðsins vegna hennar, mögulega tímabundið á meðan unnið er að samræmingu aðalskipulags.

Þær málefnanefndir sem störfuðu í Skorradalshreppi eiga sér allar hliðstæðu í nefndarskipulagi Borgarbyggðar.

Fyrir liggur tillaga undirbúningsstjórnar að samþykkt fyrir sameinað sveitarfélag þar sem gert er ráð fyrir að stuðst verði við nefndarskipulag Borgarbyggðar.



Mönnun stjórnsýslunnar

Tilefni er til að skoða hvort umfang verkefna á sviði skipulags- og byggingarmála kallar á aukna mönnun og/eða hvort ástæða er til að halda í viðskiptasamband við þá aðila sem sinnt hafa verkefnum í verktöku fyrir Skorradalshrepp til að nýta og yfirfæra þá þekkingu sem þeir búa yfir. Rétt er að afturkalla umboð skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps með bókun sveitarstjórnar.



Fastanefndir

Undirbúningsstjórn leggur til að byggt verði á nefndarskipulagi Borgarbyggðar og að Skorradalur verði hluti af Borgarneskjördeild. Ekki er talin ástæða til að fjölga fulltrúum í sveitarstjórn eða skipa heimastjórn vegna sameiningarinnar. Skoða þarf hvort Skorradalur verður áfram sérstök fjallskiladeild með sérstaka fjallskilastjórn í samráði við stjórn fjallskilaumdæmisins.



Fulltrúar í sameiginlegum nefndum og stjórn

Skorradalshreppur skipaði fulltrúa í stjórn Brákarhlíðar í samstarfi við Eyja- og Miklaholtshrepp og Borgarbyggð skipar tvo fulltrúa í stjórn Snorrastofu að fenginni tilnefningu Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps. Skoða þarf hvert fyrirkomulagið verður á skipun fulltrúa eftir sameiningu.

Sameining fjárhags

Meðal verkefna undirbúningsstjórnar er að hefja undirbúning að sameiningu fjárhags Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Sameina þarf fjárhagsáætlanir og fjárhagskerfi sveitarfélaganna þannig að sveitarstjórn og starfsmenn sameinaðs sveitarfélags hafi yfirsýn yfir stöðu fjárhags og fjárheimildir sem þegar hafa verið samþykktar.

Fjárhagur beggja sveitarfélaga við gildistöku sameiningar verður gerður upp og stöður úr fjárhagsbókhaldi Skorradalshrepps færðar inn í fjárhagskerfi Borgarbyggðar.

Fyrsti ársreikningur sameinaðs sveitarfélags verður gerður fyrir árið 2026 á grundvelli sameinaðs bókhalds sveitarfélaganna.

Allar skráðar eignir og skuldir Skorradalshrepps verða færðar á kennitölu Borgarbyggðar í kjölfar gildistöku sameiningar. Einnig þarf að færa fjármuni af bankareikningum Skorradalshrepps á reikninga sameinaðs sveitarfélags.



Fjárhagsáætlun

Undirbúningur að sameiningu fjárhagsáætlana sveitarfélaganna er hafinn. Þær heimildir sem sveitarstjórnirnar hafa samþykkt fyrir hvern málaflokk, deild og lykil eru lagðar saman og færðar í fjárhagskerfi Borgarbyggðar sem áætlun sameinaðs sveitarfélags.



Milliuppgjör

Staða fjárhags í hvoru sveitarfélagi fyrir sig við gildistöku sameinaðs sveitarfélags er gerð upp og gerð árshlutauppgjör fyrir fyrstu fimm mánuði ársins.



Fjárhagsbókhald

Staða í bókhaldi Skorradalshrepps á hverjum bókhaldslykli við sameiningu er færð inn í fjárhagskerfi Borgarbyggðar og útgjöld og tekjur vegna viðskipta á milli sveitarfélaganna jafnaðar út. Tryggja þarf aðgang að færslum í fjárhagsbókhaldi Skorradalshrepps til skoðunar ef á þarf að halda.



Eignir og skuldir

Mikilvægt er að unnið sé markvisst að því að færa allar skráðar eignir og skuldir Skorradalshrepps yfir á kennitölu Borgarbyggðar í kjölfar gildistöku sameiningar svo unnt sé að afskrá kennitölu Skorradalshrepps.

Lögskyld verkefni

Sveitarfélögum ber að setja sér ýmsar stefnur og áætlanir sem sérstaklega er kveðið á um í sveitarstjórnarlögum og í sérlögum á borð við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Innviðaráðuneytið hefur gefið út yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga (uppfært 10.3.2026) þar sem meðal annars er yfirlit yfir lögmæltar stefnur, áætlanir, reglur og samþykktir sem gott er að hafa til hliðsjónar við forgangsöröðun verkefna í sameinuðu sveitarfélagi.

Í yfirlitinu til vinstri eru þær stefnur, áætlanir, reglur og samþykktir sem merktar eru sem lögskyldar í yfirlitinu og ætti því að setja í forgang. Yfirlitið er í stafrófsröð.

Borgarbyggð hefur sett sér þjónustustefnu sem fjallar um hvernig þessum málum er háttað innan sveitarfélagsins. Uppfærð þjónustustefna ætti að taka mið af sameiningu sveitarfélaganna.

Lögskyldar stefnur, áætlanir, reglur og samþykktir

- Aðalskipulag
- Brunavarnaáætlun
- Deiliskipulag
- Fjallskilasamþykkt
- Framkvæmdaáætlun í barnavernd
- Húsnæðisáætlun
- Jafnréttisáætlun
- Leikskólastefna
- Loftslagsstefna
- Málstefna
- Reglur um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni
- Reglur um notendastýrða persónuleg aðstoð
- Reglur um rekstrarleyfi leikskóla
- Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning
- Reglur um stuðning við frjálst æskulýðsstarf
- Reglur um stuðningsþjónustu
- Reglur um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis
- Reglur um veitingu fjárhagsaðstoðar
- Samþykkt um gatnagerðargjald
- Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins
- Samþykkt um þóknun fyrir störf kjörinna fulltrúa
- Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa
- Skólastefna
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs
- Verklagsreglur um meðferð húsnæðismála
- Viðbragðsáætlun almannavarnanefndar

Samþykktir og reglur

Samkvæmt 126. gr. Sveitarstjórnarlaga skal svo fljótt sem við verður komið taka til umræðu og setja nýjar samþykktir, reglur og gjaldskrár fyrir hið nýja sveitarfélag.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að tiltekna reglur eða samþykktir sem gilt hafa öðru sveitarfélaganna skuli gilda fyrir hið nýja sveitarfélag á meðan unnið er að setningu nýrra reglna, þó ekki lengur en í þrjá mánuði frá gildistöku sameiningar. Yfirferð samþykpta, reglna og gjaldskráa skal vera lokið fyrir 31. ágúst 2026.

Borgarbyggð sinnti flestum þjónustupáttum við íbúa Skorradalshrepps á grundvelli þjónustusamnings sveitarfélaganna. Því gilda sömu reglur varðandi þá þjónustupætti í báðum sveitarfélögum og þjónustustigið er hið sama.

Æskilegt væri að sveitarstjórn staðfesti allar reglur sem þetta á við um eða taki þær til endurskoðunar innan þriggja mánaða frá gildistöku sameiningar.

Undirbúningsstjórn hefur tekið saman yfirlit yfir samþykktir og reglur sem eru í gildi hjá sveitarfélögum tveimur (sjá fylgiskjal).



Almenn bókun um gildi reglna og gjaldskráa

Á fyrsta fundi sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags er æskilegt að bókað verði að reglur og samþykktir Borgarbyggðar um þjónustu sem Borgarbyggð sinnti fyrir bæði sveitarfélög eða sem eingöngu var veitt í Borgarbyggð gildi þar til annað hefur verið ákveðið.



Samræming samþykpta og reglna

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum þarf vinnu við samræmingu samþykpta og reglna að vera lokið áður en þrjú mánuðir eru liðin frá gildistöku sameiningar. Í flestum tilfellum má gera ráð fyrir að um sé að ræða minniháttar aðlögun eða staðfestingu. Undirbúningsstjórn hefur tekið saman yfirlit og lagt til forgangsráðun eftir mikilvægi.



Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð

Fyrir liggur tillaga undirbúningsstjórnar að breytingum á nefndarskipan sem leiða af sameiningu sveitarfélaganna. Vilji ný sveitarstjórn gera breytingar t.d. á fastanefndum, þarf að uppfæra samþykkt sveitarfélagsins í samræmi við sveitarstjórnarlög.

Gjaldskrár

Hið sama gildir um gjaldskrár og um samþykktir og reglur, þ.e. að yfirferð og samræmingu skal vera lokið fyrir 31. ágúst 2026.

Skattar innan sveitarfélags skulu vera hinir sömu. Þó er heimilt samkvæmt lögum að veita afslátt eða fella niður fasteignaskatt tekjulágra örorku- og ellilífeyrisþega. Svæðisbundin mismunun er óheimil.

Gjaldtaka sveitarfélags vegna þjónustu skal alla jafna vera sú sama innan svæðismarka þess nema málefnaleg sjónarmið liggi að baki mismunandi gjaldskrá, s.s. ef sambærilegri þjónustu verður ekki við komið.

Undirbúningsstjórn hefur tekið saman yfirlit yfir þær gjaldskrár sem eru í gildi hjá sveitarfélögunum tveimur og nauðsynlegt er að samræma og lagt til forgangsroðun eftir mikilvægi.

Yfirlitið er fylgiskjal með skilaskýrslunni.



Útsvar og fasteignaskattur

Útsvarshlutfall er hið sama í sveitarfélögunum tveimur. Nokkur munur er á fasteignaskatti og lóðarleigu í sveitarfélögunum tveimur. Álagning er ákveðin á yfirstandandi ári fyrir komandi ár hverju sinni og ákvarðanir sveitarstjórnar gilda til loka þess árs. Því er lagt til að fasteignaskattur og lóðarleiga verði óbreyttur til áramóta og að samræming eigi sér stað um áramótin 2026-2027.



Gjaldskrár

Gjaldskrár og þjónustustig varðandi þá þjónustu sem Skorradalshreppur veitti á eigin vegum þarf að samræma. Meginregla er að íbúar skuli eiga kost á sambærilegri þjónustu en sé þjónustustig mismunandi af málefnalegum ástæðum er leyfilegt að taka mismunandi gjald fyrir.



Afgreiðsla nefnda

Æskilegt er að viðeigandi nefndir fari yfir gjaldskrár og reglur og uppfæri þær áður en þær eru lagðar fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Við sameiningu sveitarfélaga þarf að skila skjölum þess sveitarfélags sem rennur inn í annað til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafns. Ganga þarf frá skjölunum og skrá þau samkvæmt [leiðbeiningum frá Þjóðskjalasafni](#) til að tryggja auðvelt aðgengi að þeim ef á þarf að halda.

Hafa þarf í huga að mál sem komu til afgreiðslu í sveitarfélögunum tveimur geta átt sér framhald og eftirmála og því nauðsynlegt að tryggja aðgang starfsmanna og kjörinna fulltrúa sameinaðs sveitarfélags að gögnum þeirra.

Bæði Skorradalshreppur og Borgarbyggð eru með OneSystems málaskrárkerfi. Lagt er til að samið verði við OneSystems um að flytja gögn Skorradalshrepps inn í kerfi Borgarbyggðar til að tryggja aðgang að þeim málum og skjölum sem þar er að finna.

Huga þarf að persónuvernd við skil til skjalasafns og aðgangsstýringu í skjalakerfi til að tryggja að trúnaðarskjöl séu aðeins aðgengileg þeim sem eiga að hafa aðgang.



Sameining málaskrárkerfa

Flytja þarf skjöl úr málaskrárkerfi Skorradalshrepps í málaskrárkerfi Borgarbyggðar til að tryggja aðgengi að þeim ef á þarf að halda og yfirsýn yfir sögu mála og málsaðila. Huga þarf að því að takmarka aðgang að málum sem varða mál sem leynt eiga að fara.



Frágangur skjalasafns Skorradalshrepps

Ganga þarf frá skjalasafni Skorradalshrepps í skilaöskjur, skrá innihald þeirra og skila til Héraðsskjalasafns ásamt geymsluskrá. Fyrir liggur samþykki Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar fyrir móttöku skjalasafnsins þótt Skorradalshreppur hafi ekki verið aðili að rekstri þess.



Skönnun skjalasafns

Mögulegt er að skanna skjalasafn Skorradalshrepps samhliða frágangi og skráningu til að auðvelda aðgengi að þeim ef á þarf að halda.

03

Nafn og merki

Val á nafni á nýtt sveitarfélag

Sveitarstjórn ákveður nafn á sameinað sveitarfélag. Þar til nafn hefur verið ákveðið heitir sveitarfélagið „Sameinað sveitarfélag Borgarbyggðar og Skorradalshrepps“.

Undirbúningsstjórn lét kanna hug íbúa varðandi nafn sameinaðs sveitarfélags á tímabilinu 9.-24. apríl 2026. Þátttaka í könnuninni var heimil öllum íbúum sveitarfélaganna fæddum árið 2010 eða fyrr og hver íbúi mátti skila einu svari.

Svarmöguleikar í könnuninni voru þrír; „Borgarbyggð“, „Skorradalshreppur“ og „Annað“ með opnum reit fyrir tillögu. Þátttakendur voru 456 og tillögur sem fengu atkvæði voru 19¹.

Borgarbyggð fékk flest atkvæði (383) en Borgarfjarðarháerað (22), Borgarfjörður (20) og Sveitarfélagið Borgarfjörður (8) voru í næstu þremur sætum. Skorradalshreppur fékk 6 atkvæði en aðrar tillögur færri.

Verði annað nafn fyrir valinu en Borgarbyggð eða Skorradalshreppur þarf að senda Örnefnanefnd tillögur að nafni til umsagnar.

Tillögur sem fengu atkvæði í könnuninni¹

Borgarbyggð	383
Borgarfjarðarháerað	22
Borgarfjörður	20
Sveitarfélagið Borgarfjörður	8
Skorradalshreppur	6
Borgarþing	3
Borgarhreppur	2
Birgarnes	1
Borg	1
Borgarfjarðarsveit	1

Borgarnes	1
Grundarbyggð	1
Grundarfjörður	1
Happýnes	1
Landnám Skalla-Gríms	1
Latabæjarbyggð	1
Latibær	1
Mýrabyggð	1
Vesturháerað	1

¹ Svör hafa verið yfirfarin og samræmd.

Byggðarmerki

Sveitarfélögum er heimilt að velja sér byggðarmerki sbr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga. Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess. Vel hannað byggðamerkti gerir markaðs- og kynningarstarf markvissara og styrkir ímynd sveitarfélagsins.

Bæði Borgarbyggð og Skorradalshreppur eru með skráð byggðarmerki.

Undirbúningsstjórn hefur gengið út frá því að merki Borgarbyggðar verði notað áfram fyrir sameinað sveitarfélag.

Merkið er stílhreint, með tilvísun í menningu, menntun og sagnaarf héraðsins og í því má sjá form fjalla og kennileita á svæðinu.

Í grein um merkið frá 2006 segir hönnuðurinn:

„Fléttan er tákni um samheldni og samvinnu íbúanna og um það hvernig framvinda mála veltur á þátttöku einstaklinganna. Í merkinu býr mikill kraftur og hreyfing en samt er það í fullkomnu jafnvægi. Samofnir þættir þess sýna styrk sveitarfélagsins og þá festu sem hverju samfélagi er nauðsynleg“.



Borgarbyggð

Örn Smári Gíslason
2006



Skorradalshreppur

Þorvaldur Óttar Guðlaugsson
Skráð 2009

04

Samræming regluverks

Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár

Samkvæmt 122. gr. sveitarstjórnarlaga ber undirbúningsstjórn að taka saman yfirlit yfir allar samþykktir og reglugerðir er gilda í þeim sveitarfélögum sem sameinuð hafa verið og hefja vinnu við endurskoðun þeirra.

Í framhaldinu ber sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags svo fljótt sem við verður komið að taka til umræðu og setja nýjar samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár fyrir hið nýja sveitarfélag. sveitarstjórn er heimilt að ákveða að tiltekna reglur eða samþykktir sem gilt hafa í einu af viðkomandi sveitarfélögum gildi fyrir hið nýja sveitarfélag í heild á meðan unnið er að setningu nýrra reglna, sbr. 126. gr. sveitarstjórnarlaga.

Undirbúningsstjórn hefur tekið saman yfirlit yfir helstu samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár og leggur til við nýja sveitarstjórn að virkja nefndir og starfsfólk við endurskoðun þeirra og samræmingu áður en sveitarstjórn tekur þær fyrir til samþykktar.

Á eftirfarandi glærum er yfirlit yfir samþykktir, reglur, stefnur og gjaldskrár ásamt tillögu að forgangsröðun verkefna í hverju flokki.

„Undirbúningsstjórn skal taka saman yfirlit yfir allar samþykktir og reglugerðir er gilda í þeim sveitarfélögum sem sameinuð hafa verið og hefja vinnu við endurskoðun þeirra og samræmingu“

Gjaldskrár



Forgangur 1

- Gjaldskrá á sviði skipulags- og byggingarmála
- Gjaldskrá fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa
- Gjaldskrá fyrir söfnun, meðhöndlun, móttöku og flokkun úrgangs
- Gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa af lögbýlum

Forgangur 2

- Álagningarreglur fasteignaskatts og –gjalda, afsláttarreglur og gjalddagar
- Gjaldskrá Fjölskyldusviðs
- Gjaldskrá félagsheimila
- Gjaldskrá fyrir frístund
- Gjaldskrá Hjálmakletts
- Gjaldskrá íþróttamiðstöðva
- Gjaldskrá leikskóla
- Gjaldskrá tónlistarskóla
- Verðskrá Héraðsbókasafns
- Verðskrá Safnhúss
- Reglur um systkinaafslátt

Forgangur 3

- Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald
- Gjaldskrá fyrir hitaveitu á Varmalandi
- Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli
- Gjaldskrá fyrir ljósritun
- Gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu
- Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Álftaneshrepps
- Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hraunhrepps
- Gjaldskrá Ljósleiðara Borgarbyggðar
- Gjaldskrá Slökkviliðs
- Slökkvitækjaþjónusta
- Reglur og gjaldskrá fyrir gámasvæði (geymslugámar)

Samþykktir og reglur



Forgangur 1	Forgangur 2	Forgangur 3
<ul style="list-style-type: none">• Reglur um birtingu gagna með fundargerðum• Reglur um fjárhagsaðstoð• Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning• Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu• Reglur um úthlutun lóða• Samþykkt um fráveitur og rotþrær• Samþykkt um gatnagerðargjald• Samþykkt um meðhöndlun úrgangs• Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins• Snjómokstursreglur í dreifbýli	<ul style="list-style-type: none">• Reglur um akstursþjónustu eldri borgara• Reglur um framkvæmdastyrki til íþróttá og tómsfundafélaga• Reglur um frístundastyrk fyrir börn og ungmenni• Reglur um frístundþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni• Reglur um gististaði• Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð• Reglur um skólaakstur í grunnskóla• Reglur um stuðningsfjölskyldur• Reglur um styrki til náms-, verkfæra- og tækjakaupa• Reglur um styrki til starfsmanna í skólum• Reglur um styrktarlínur og auglýsingar• Reglur um úthlutun félagslegra íbúða• Reglur um veitingu fjárstyrks vegna lögmanskostnaðar• Samþykkt um hunda- og kattahald• Starfsreglur um stuðning í skólum• Verklagsreglur fyrir leikskóla• Verklagsreglur við veitingu umsagna um rekstrarleyfi• Viðmiðunarreglur vegna skóladvalar barna utan lögheimilissveitarfélags	<p>Handbók skólajónustu Húsnæðisáætlun 2026 Lögreglusamþykkt Reglur um innritun í leik- og grunnskóla Reglur um rekstrarleyfi leikskóla Reglur um samstarfssamninga vegna hátíða í sveitarfélaginu Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka Reglur um tilnefningu listamanneskju sveitarfélagsins Reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli Reglur vegna efnilegra ungmenna sem leggja stund á íþróttir, tómsfundir og listir í Vinnuskóla Samþykkt um búfjárhald Samþykkt um hesthús og umgengni um hesthúsahverfi Samþykkt um launakjör kjörinna fulltrúa Samþykkt um skilti Siðareglur kjörinna fulltrúa Úthlutunarreglur Menningarsjóða sveitarfélagsins</p>

Áætlanir og stefnur

Forgangur 1

- Aðalskipulag
- Aðalskipulag
- Fjárhagsáætlun
- Húsnæðisáætlun
- Jafnréttisáætlun
- Málstefna
- Skjalastefna
- Starfsmannastefna
- Þjónustustefna

Forgangur 2

- Blómstrandi skólastefna
- Forvarnarstefna
- Innkaupastefna
- Loftslagsstefna
- Persónuverndarstefna
- Stefna um upplýsingamál og íbúasamráð
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Forgangur 3

- Forvarnarstefna nemenda
- Handbók skólaþjónustu
- Lestrarstefna nemenda
- Menningarstefna
- Vafrakökustefna
- Öryggisstefna



05

Samstarf og samningar

Samstarfsverkefni



Borgarbyggð og Skorradalshreppur hafa átt í víðtæku samstarfi samkvæmt þjónustusamningi á milli sveitarfélaganna sem fellur niður við sameiningu. Hið sama á við um sameiginlegt eignarhald og rekstur félagsheimilisins Brúnar sem rennur inn í rekstur sameinaðs sveitarfélags.

Sveitarfélögin eru aðilar að nokkrum samstarfsverkefnum sveitarfélaga, auk þess sem þau skipa fulltrúa í stjórnir og ráð tengd sjálfseignarstofnunum sem þjóna íbúum svæðisins, s.s. Brákarhlíð, Háskólanum á Bifröst og Menntaskóla Borgarfjarðar.

Í reglum samtaka sveitarfélaga ræðst fjöldi fulltrúa á þingum af stærð sveitarfélaga og því er ekki nauðsynlegt að gera á þeim breytingar. Hið sama á við um þau samstarfsverkefni sem Borgarbyggð skipaði fulltrúa í en Skorradalshreppur ekki.

Í einhverjum tilfellum þarf að endurskoða samstarfssamninga og/eða stofnsamþykktir samstarfsverkefna með hliðsjón af áhrifum sameiningar á samstarfið og taka afstöðu til þess hvernig skipa eigi fulltrúa eftir að sameiningin tekur gildi.

Ástæða til að skoða:

- Stjórn fjallaskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps
- Snorrastofa
- Faxaflóahafnir
- Brákarhlíð
- Þróunarfélag Grundartanga

Ekki talin þörf á aðlögun:

- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar
- Heilbrigðisnefnd Vesturlands
- Almannaþing Vesturlands
- Barnaverndarþjónusta Vesturlands
- Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands
- Háskólinn á Bifröst ses.
- Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.
- Nemendagarðar Menntaskóla Borgarfjarðar hses.
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs
- Fræðslu og skólanefnd Eyja- og Miklaholtshrepps

Samningar



Almennt gildir að sameinað sveitarfélag yfirtekur skuldbindingar og réttindi Borgarfjarðar og Skorradalshrepps við gildistölu sameiningar. Samningar halda því gildi sínu þótt breyting verði á heiti eða kennitölu aðila.

Í sumum tilfellum fellur þörfin fyrir þjónustuna niður við sameiningu og því rétt að segja upp samningum, svo sem varðandi leigu á húsnæðisins sem skrifstofa Skorradalshrepps er í og varðandi fjarskiptaþjónustu og bókhaldsþjónustu fyrir Skorradalshrepp. Við uppsögn þarf að gera ráð fyrir frágangi verkefna og yfirfærslu þekkingar eftir því sem við á. Byggingarfulltrúi hefur þegar sagt upp samningi sínum við Skorradalshrepp.

Í öðrum tilfellum hafa sveitarfélögin verið í viðskiptum við sömu aðila s.s. varðandi tæmingu rotþróa og sorphirðu, sem rétt er að samræma og endurskoða með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

Í einhverjum tilfellum þarf að meta hvort áfram sé þörf fyrir þjónustuna frá viðkomandi aðilum, hvort starfsmenn sameinaðs sveitarfélags geta tekið þau yfir.

Uppsögn

- Borgarland ehf. – Samningur um leigu á skrifstofuhúsnæði
- ECIT ehf. – Samningur um bókhaldsþjónustu
- Síminn hf. – Samningur um fjarskiptaþjónustu fyrir Skorradalshrepp
- Landlínur ehf. – Samningur um þjónustu og afturköllun umboðs skipulagsfulltrúa.

Samræming/endurskoðun

- Loftmyndir ehf. – Samningar um leiguafnot á tölvutækum landfræðilegum gögnum
- Hreinsitækni ehf.- Samningar um tæmingu rotþróa
- Íslenska gámafélagið ehf – Samningar um sorphirðu og rekstur móttökustöðva
- One Systems ehf. – Samningar um rekstur málakerfis
- Netvöktun ehf. – Samningur um vefumsjónarkerfi og þjónustu
- Ungmennasamband Borgarfjarðar – Samningar um stuðning við og verkefni UMSB

Skoða þörf/nytsemi

- Alta ehf. Rammasamningur um ráðgjafarþjónustu vegna verkefna unnin fyrir Skorradalshrepp
- Hálstak Tryggva ehf. – Samningur um snjómokstur dreifbýli
- Neyðarlínan ohf./Lögreglustjórinn á Vesturlandi – Samkomulag um verklag við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi
- Óli Rúnar Ástþórsson – Samningur um skönnun skjala

06

Fylgiskjöl

Fylgiskjöl með skilaskýrslu



Eftirfarandi skjöl eru fylgiskjöl með skilaskýrslu undirbúningsstjórnar:

- Auglýsing um staðfestingu innviðaráðuneytisins á sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps í eitt sveitarfélag
- Tillaga að samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Borgarbyggðar og Skorradalshrepps
- Yfirlit yfir samþykktir, reglur, stefnur og gjaldskrár
- Fundargerðir undirbúningsstjórnar

